

Neyðaráætlun

Íþróttahús og Sundlaug

Laugargerðisskóla

með sérstakri áherslu á viðbrögð við slysum í og við sundlaugar

I. Alvarleg slys

Neyðaráætlun starfsfólks-

Alvarlegt slys í eða við sundlaugar

Laugarvörður/kennari/þjálfari hefja björgunaraðgerðir strax með þeim búnaði sem tiltækur er. (Hnoð/blástur - Öndunarmaski, sjúkrakassi, börur, teppi)

Muna vinnureglur:

- Tryggja öndun
- Stöðva blæðingar
- Koma í veg fyrir lost
- Verjast kulda

Starfsmaður

a. Hringir í Neyðarlínuna 112 sem hefur samband við vakthafandi lækni Heilsugæslunnar í Borgarnesi.

Neyðarlínan s. 112

- Hver hringir , hvaðan er hringt
- Hvað kom fyrir
- Hvert er slysið

b. Stöðvar sölu ofan í sundlaug

c. Tekur á móti lækni/sjúkrabíl

Neyðaráætlun starfsfólks-

Alvarlegt slys í íþróttamiðstöð

Viðbrögð starfsfólks ef alvarlegt slys verður t.d. í baðklefum, gufubaði, þreksal, göngum, anddyri eða íþróttasölum.

Starfsmaður/þjálfari/kennari hefja björgunaraðgerðir strax með þeim búnaði sem tiltækur er (sjúkrakassi, teppi, börur ofl.)

Muna vinnureglur:

- Tryggja öndun

- Stöðva blæðingar
- Koma í veg fyrir lost
- Verjast kulda

Starfsmaður

a. Hringir í Neyðarlínuna 112 sem hefur samband við vakthafandi lækni Heilsugæslunnar í Borgarnesi.

Neyðarlínan s. 112

- Hver hringir , hvaðan er hringt
- Hvað kom fyrir
- Hvert er slysið

b. Mannvirkinu lokað tímabundið

c. Tekur á móti lækni/sjúkrabíl

II. Eftiraðgerðir vegna alvarlegs slyss í sundlaug eða íþróttamiðstöð

Ef alvarlegt slys hefur átt sér stað:

- Tilkynna skal skólastjóra um atvikið.
- skólastjóri/kennari/þjálfari/prestur hefur samband við aðstandendur.
- skólastjóri annast samskipti við fjölmiðla.
- skólastjóri boðar til fundar með þeim starfsmönnum sem þátt tóku í aðgerðum. Hugsanlega þarf að leita áfallahjálpar með aðstoð fagaðila.
- Vaktstjóri/starfsmaður skrá atvik í slysadagbók skólastjóra.
- Starfsmenn/starfsmaður hefja venjuleg störf á ný.
- Í samráði við skólastjóra verður haft samband við íþróttá- og æskulýðsfulltrúa Borgarnesi og farið yfir vinnubrögð á slysstað svo af þeim megi læra.

Neyðaráætlun starfsfólks-

III. Minniháttar slys í íþróttamiðstöð

Laugarvörður/kennari/þjálfari

a. Hefjið nauðsynlega aðhlyningu strax með þeim búnaði sem við á (sjúkrakassi, teppi, plástrar) ef meiri aðstoð vantar skal kallað til nærstaddra.

Muna vinnureglur:

- Stöðva blæðingar
- Koma í veg fyrir lost
- Verjast kulda
- Kæla strax tognanir á ökkla með vatni

b. Laugarvörður/sundkennari/þjálfari/ meta:

Hvort nauðsynlegt sé að koma þeim slasaða til lækni.

Hvort nauðsynlegt sé að hafa samband við aðstandendur.

c. Starfsmaður skráir atvikið hjá skólastjóra